

LÖG

um umboðsmann skuldara.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Stofnunin, sem heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra, skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögum.

Hlutverk umboðsmanns skuldara er að:

- a. veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,
- b. hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,
- c. veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluáðlögun,
- d. útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega,
- e. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,
- f. gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á,
- g. veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

2. gr.

Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn sem fer með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Skal hann hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar.

Kjararáð ákveður laun og starfskjör umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Umboðsmanni skuldara er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Ef um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða skal vinnslan fullnægja skilyrðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig skulu umboðsmaður skuldara og vinnsluaðili gera með sér vinnslusamning í samræmi við 13. gr. sömu laga.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um þjónustusamninga við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina þar sem m.a. verði kveðið á um verkefni og fjárhæðir greiðslna.

Ákvörðunum umboðsmanns skuldara verður ekki skotið til æðra stjórnvalds, nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi umboðsmanns skuldara.

3. gr.

Umboðsmaður skuldara getur krafð stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt, jafnvel þótt lög mæli fyrir um þagnarskyldu stjórnvalds. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita umboðsmanni skuldara allar upplýsingar sem að mati stofnunarinnar eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt hlutverki sínu. Stofnunin getur þó ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni og fylgt sé ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila, í þessu tilfalli umboðsmanns skuldara, þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða, þ.e. skuldara.

4. gr.

Umboðsmanni skuldara og starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

5. gr.

Lánastofnanir, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds. Gjaldið rennur beint til umboðsmanns skuldara og skal innheimt af stofnuninni.

Álagning gjaldsins skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert og skal umboðsmaður skuldara gera gjaldskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi. Gjaldið skal greitt ársþriðjungslega fyrir fram með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september.

Ef gjald er greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir af því frá gjalddaga.

Hefji lánastofnun starfsemi eftir að álagning fer fram miðast álagning gjaldsins við næsta gjalddaga eftir að starfsemi lánastofnunarinnar hófst.

Fyrir 1. júní ár hvert skal umboðsmaður skuldara gera drög að áætlun um kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár. Drög að áætlun skal senda gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. til umsagnar og skulu þeir hafa mánaðarfrest til að skila inn umsögnum. Að fengnum umsögnum skal umboðsmaður skuldara gera áætlun og leggja hana fyrir ráðherra til samþykktar. Senda skal umsagnir til ráðherra með áætluninni. Samþykki ráðherra áætlunina óbreytta skal miða álagningu gjaldsins við hana. Telji ráðherra að breyta skuli álagningu gjalds frá áætlun skal veita gjaldskyldum aðilum og umboðsmanni skuldara tveggja vikna umsagnarfrest um tillögur ráðherra. Að þeim tíma loknum skal ráðherra taka ákvörðun um álagningu gjalds. Miða skal við að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi umboðsmanns skuldara skal hann ganga upp í gjald næsta árs í hlutfalli við álagt gjald. Verði rekstrartap skal taka tillit til þess við álagningu gjalda á næsta ári.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar gjaldsins.

6. gr.

Umboðsmaður skuldara gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni skulu vera á samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ekki persónugreinanlegir. Skýrsluna skal birta opinberlega.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010. Þó öðlast ákvæði til bráðabirgða II þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna boðið starf hjá umboðsmanni skuldara. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá umboðsmanni skuldara fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

II.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal þegar skipa þriggja manna starfshóp sem undirbúa skal gildistöku laga þessara, m.a. bjóða starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna annað starf hjá umboðsmanni skuldara frá 1. ágúst 2010, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Starfshópurinn skal eftir skipan umboðsmanns skuldara vera honum til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar fyrsta starfsárið.

III.

Útreikningi á kostnaði og greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara fyrir þann hluta ársins 2010 sem eftir er þegar lög þessi öðlast gildi skal háttað með sama hætti og kveðið er á um í 5. gr., þó þannig að miða skal við drög að áætlun sem starfshópur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II gerir eins fljótt og auðið er eftir að löggin hafa verið samþykkt. Fer álagning gjaldsins fram svo fljótt sem unnt er eftir það.

Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um greiðslu kostnaðar af rekstri umboðsmanns skuldara innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 2. júlí 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni Páll Arnason.